

Mál nr. 34/2009

M
og
Vátryggingafélagi X v/ bifreiðarinnar B
og
Vátryggingafélagið Y v/ bifreiðarinnar A.

Árekstur á Breiðholsbraut í Reykjavík á brú yfir Reykjanesbraut þann 19.12.2008.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 26.1.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf Y, dags. 3.2.2009.
3. Bréf X, dags. 16.2.2009.

Málsatvik.

Bifreiðunum A og B var ekið vestur Breiðholsbraut í átt að Kópavogi og var A ekið á vinstri akrein og B á hægri akrein. Á brúnni yfir Reykjanesbraut við umferðarljós sveigði ökumaður B yfir á vinstri akrein vegna kyrrstæðrar og bilaðrar bifreiðar á hægri akrein. Rákust þá saman hægra framhorn A og vinstra afturhorn B. Myrkur var, þegar áreksturinn varð, og bleyta, slabb og hálka mun hafa verið á akbrautinni.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið á 50 km hraða á klst. B hafi verið fyrir aftan biluðu bifreiðina og verið beygt til vinstri í veg fyrir A. Hann hafi hemlað og reynt að beygja undan en ekki tekist að koma í veg fyrir að A lenti aftan á B.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið á 30-40 km hraða á klst. Hann hafi verið nýbúinn að færa sig yfir á vinstri akrein til að komast hjá kyrrstæðu bifreiðinni og koma sér aftur á hraða, þegar A hafi komið og ekið aftan á vinstra afturljós B.

Álit.

B var beygt af hægri akrein yfir á þá vinstri í veg fyrir A. Samkvæmt því sem fyrir liggur í málinu verðu að telja að það hafi gerst í sömu andrá og A kom aðvífandi eftir vinstri akrein. Samkvæmt 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal ökumaður, áður en hann skiptir um akrein, ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþæginda fyrir aðra. Á þessu varð misbrestur hjá ökumanni B. Hann ber því sök á árekstrinum. Ósannað er að ökumaður A hafi ekið hraðar en heimilt var og aðstæður leyfðu eða á annan hátt hagað akstri sínum þannig að á hann verði lögð sök. eru því ekki efni til að leggja á hann sök.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann B.

Reykjavík, 3. mars 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.